

2

5. gr.

10. jan.

Þessir skulu vera höfuðflokkar atvinnutækja og eftirgreindar fjárhæðir áætl-
aðar til þeirra til bráðabirgða:

1. Skip, vélar og efni til skipabygginga o. fl., samtals a. m. k. 200 milljónir króna.
2. Vélar og þess háttar til aukningar og endurbóta á síldarverksmiðjum, hrað-
frystihúsum, niðursuðu, svo og til tunnugerðar, skipasmiða o. fl., um 50 millj.
króna.
3. Vélar og þess háttar til áburðarverksmiðju, vinnslu og hagnýtingar landbún-
aðarafurða, jarðyrkjuvélar og efni til rafvirkjana o. fl., um 50 milljónir króna.

Nýbyggingarráð skal þegar eftir fyrstu bráðabirgðaathugun á verkefni sínu gera
tillögu til ríkisstjórnarinnar um fleiri flokka tækja og efnivara, svo sem til bygg-
inga, og um nánari skiptingu fjár milli þessara flokka.

6. gr.

Nýbyggingaráð skal taka við starfi þeirra millipinganeftnda, sem nú starfa í
skipulagsmálum atvinnurekstrar eftir stríð, sjávarútvegsmálum, raforkumálum og
byggingarmálum, ef ríkisstjórninni lízt hentara að láta nefndir þessar hætta starfi.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 62 27. nóvember 1944, um
nýbyggingarráð, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðherrann, 10. janúar 1945.

Ólafur Thors.

3

AUGLÝSING

26. jan.

um notkun heimildar laga frá 24. janúar 1945, um að innheimta ýmis gjöld
með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 24. janúar 1945 og inn-
heimta frá og með 27. janúar þ. á. að telja til ársloka 1945 með 100% viðauka víta-
gjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem talðar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní
1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa
ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild fyrrgreindra laga frá
24. janúar 1945 og innheimta með 50% viðauka innlent tollvörugjald samkvæmt
2. gr. laga nr. 60 30. desember 1939 og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6
9. janúar 1935.

Viðaukinn reiknast á þann hátt sem segir í 2. gr. laganna frá 24. janúar 1945.

Auglýsing ráðuneytisins, dags. 4. desember 1944, um notkun heimildar laga
nr. 54 12. október 1944, um að innheimta ýmis gjöld með viðauka, er úr gildi fallin.

Fjármálaráðuneytið, 26. janúar 1945.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.